

## Breytingar á verkaskiptingu á heimili meðal starfandi feðra og mæðra í fyrstu bylgju COVID-19

Guðný Björk Eydal, prófessor

Ingólfur V. Gíslason, prófessor

Tómas Bjarnason, sviðsstjóri

**ÚTDRÁTTUR:** COVID-19 hafði í för með sér meiriháttar breytingar á högum fólks. Faraldurinn raskaði atvinnu- og heimilislífi með lokun vinnustaða, aukinni heimavinnu og skertri þjónustu umönnunaraðila. Að frumkvæði Utrecht-háskólans var hrint úr vör fjölþjóðlegri rannsókn sem ber heitið „Gender (In)equality in Times of COVID-19“. Lagður var spurningalisti fyrir foreldra um aðstæður þeirra í launaðri vinnu, skiptingu heimilisstarfa og umönnunar og samþættingu launavinnu og umönnunar-  
byrgðar, auk fleiri þátta. Á Íslandi var könnunin framkvæmd af Gallup eftir að samkomubanni lauk í kjölfar fyrstu bylgju í maí 2020. Í þessari grein eru áhrif farsóttarinnar á verkaskiptingu starfandi foreldra í sambúð skoðuð hvað varðar umönnun, heimilisstörf og samþættingu launavinnu og umönnunarbyrgðar. Í ljósi erlendra niðurstaðna eru áhrif farsóttarinnar á þessa þætti greind eftir því hvar foreldrar inntu starf sitt af hendi í farsóttinni; hvort þeir unnu fjarvinnu heima eða unnu áfram á vinnustaðnum. Meginniðurstöður sýna að lítil kynbundinn munur kemur fram varðandi það hvort fólk vann fjarvinnu heima eða á vinnustaðnum. Mikill kynbundinn munur kom á hinn bóginn fram hvað varðar umönnun og heimilisstörf, bæði fyrir farsóttina og eftir að hún skall á. Í samræmi við nýlegar erlendar rannsóknir á áhrifum COVID-19 benda niðurstöður til þess að skipting heimilisstarfa milli feðra og mæðra hafi orðið jafnari við faraldurinn: Feður sem unnu heima sem áttu maka sem unnu áfram á vinnustaðnum juku hlutdeild sína í heimilisstörfum og mæður sem unnu á vinnustaðnum en áttu maka sem vann heima drógu úr hlutdeild sinni. Ekki urðu sams konar breytingar á hvernig foreldrar deildu með sér umönnun barna. Samþætting launavinnu og umönnunarbyrgðar varð erfiðari eftir farsóttina og gekk verr hjá foreldrum ungra barna og hjá foreldrum sem unnu heima. Niðurstaða fjölbreytugreiningar sýnir að samþætting launa-

vinnu og umönnunarábyrgðar versnaði sérstaklega meðal mæðra sem unnu fjarvinnu heima og er það í samræmi við erlendar rannsóknir.

**LYKILORD:** COVID-19 – samþætting launavinnu og umönnunarábyrgðar – umönnun – heimilisstörf – fjarvinna

**ABSTRACT:** COVID-19 brought with it extensive changes in people's lives. The pandemic disrupted employment and home life, with the closure of workplaces, increased remote work, and reduced services of care givers. At the initiative of Utrecht University, a multinational study entitled "Gender (In) equality in Times of COVID-19" was launched. Data were collected via a questionnaire on the effect of the pandemic on the status of parents in paid work, division of household work, care, and the reconciliation between paid work and care. The survey was conducted in Iceland by Gallup after restrictions on gatherings were lifted following the first wave in May 2020. This article examines the impact of the pandemic on gendered division of working parents with spouses regarding care and housework and reconciliation between paid work and care. In the light of previous research, the impact of the pandemic on these factors is examined depending on where work was performed, whether work was performed remotely from home or in the workplace. The main results show small gender difference in changes in where work was performed (working remotely or at the workplace). Large, gendered differences were, on the other hand, found in care work and housework, both before and after the pandemic. In accordance with recent international research on COVID-19, results suggest that with regards to housework parents became more equal after the pandemic: Fathers who worked from home, but their spouses at the workplace, increased their share of domestic work, while mothers who worked at the workplace, but their spouses worked from home, reduced their share of domestic responsibilities. Similar changes in the division of care between parents were not found. Reconciliation between paid work and care deteriorated with the pandemic, more so among parents of young children and parents who worked at home. Regression analysis shows that reconciliation of paid work and care deteriorated especially among mothers who worked remotely from home. This is in accordance with international research.

**KEYWORDS:** COVID-19 – reconciliation between paid work and care – care work – domestic work – remote work

## Inngangur

COVID-19 faraldurinn raskaði atvinnu- og heimilislífi með sóttvarnartakmörkunum sem leiddu til lokunar vinnustaða, aukinnar fjarvinnu og takmarkana á leik- og grunnskólastarfi og lokana framhalds- og háskóla. Í þessari grein er spurt hvaða áhrif þessar breytingar höfðu á staðsetningu launaðrar vinnu, skiptingu umönnunar og heimilisstarfa og samþættingu launavinnu og umönnunar meðal starfandi sambúðarforeldra.

Að frumkvæði Utrecht-háskólans var hrint úr vör fjölpjódlegri rannsókn sem ber heitið „Gender (In)equality in Times of COVID-19“. Gagna var aflað með spurningakönnun þar sem spurt var um margvíslega þætti er vörðuðu breytingar á högum foreldra vegna farsóttarinnar í vinnu og heima, ágreining í parasamböndum, skiptingu heimilisstarfa og launavinnu, heimilisstörf og umönnun

barna. Spurningakönnunin var framkvæmd héraendis af Gallup eftir að samkomubanni lauk í kjölfar fyrstu bylgju COVID-19 í maí 2020.

Í þessari grein er eingöngu unnið með svör starfandi foreldra í sambúð til að skoða áhrif COVID-19 faraldursins á vinnu og hvernig verkskiptingu var hagað heima fyrir. Í fyrsta lagi er spurt hvort hann hafi dregið úr eða aukið kynbundna verkaskiptingu umönnunar barna, í öðru lagi er spurt sömu spurningar varðandi verkaskiptingu heimilisstarfa og í þriðja lagi er spurt hvaða áhrif farsóttin hafði á samþættingu launavinnu og umönnunarábyrgðar mæðra og feðra. Í öllum tilvikum er staðsetning vinnunnar lykilbreyta – þ.e. hvort foreldrar unnu fjarvinnu heima vegna farsóttarinnar eða unnu áfram á vinnustaðnum.

## Áhrif COVID-19 á verkaskiptingu foreldra

Meginbreytingarnar á stöðu kynja í heiminum á 20. og 21. öld hafa falist í því sem Esping-Andersen (2009) hefur kallað „karlvæðingu lífshlaups kvenna“ eða „masculinization of women’s life cycles“, þ.e.a.s. líf kvenna hefur orðið líkara því sem einkennt hefur líf karla. Vinnumarkaðspáttaka kvenna hefur aukist verulega, bylting orðið í menntun þeirra og konum hefur fjölgað verulega í opinberum áhrifastöðum og stjórnnum fyrirtækja. Breytingar á hlutverkum karla hafa ekki verið jafn miklar og ekki með sama hætti hægt að tala um „kvenvæðingu“ á lífshlaupi karla.

Víða hefur nokkuð dregið úr kynjamun á launuðum og ólaunuðum störfum síðustu áratugi, t.d. á Norðurlöndum (Treas og Tai, 2016). Þó er enn mikill munur milli einstakra landa. Í könnun Eurofound (2020, 23) á áhrifum COVID-19 kom t.d. í ljós að konur verja 2–3 tímum í heimilisverkum fram karla á viku í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð en allt að 13–14 tímum umfram karla í Grikklandi og Rúmeníu.

Munur á framlagi kynja í launaðri vinnu, ólaunuðum heimilisstörfum og umönnunarstörfum er eitt af stærstu óleystu vandamálum kynjasamskipta (Abendroth o.fl., 2014). Munurinn hefur neikvæð áhrif á marga þætti í lífi karla og kvenna, svo sem jafnvægi milli launavinnu og fjölskyldulífs (Beham o.fl., 2019), gæði samskipta í parasamböndum (Charbonneau o.fl., 2019; Klumb o.fl., 2006) og mun á frítíma kynjanna (Yerkes, Roeters o.fl., 2020).

Erlendar rannsóknir á áhrifum COVID-19 á stöðu kynjanna hafa sýnt nokkuð mótsagnakenndar niðurstöður en að öllum líkindum skýrist þá að hluta til með ólíkri samfélagslegri stöðu kynjanna í þessum löndum áður en farsóttin skall á. Þá er stefna landa í vinnumarkaðsmálum misjöfn og einnig misjafnt hversu mikinn stuðning foreldrar fá vegna umönnunar. Þá er enn fremur misjafnt hvaða ráðum var beitt til að mæta faraldrinum. Í sumum löndum voru víðtækari lokanir en hér gerðist. Þetta eru allt þættir sem skipta máli varðandi það hvort og þá hvaða kynbundin áhrif faraldurinn hefur á launavinnu og verkaskiptingu á heimilinu (Adams-Prassl o.fl., 2020; Blum og Dobrotić, 2020; Koslowski o.fl., 2020; Yerkes, André o.fl., 2020).

Nokkrar rannsóknir benda til þess að aðgerðir vegna COVID-19, svo sem aukin heimavinna og lokanir skóla og leikskóla, hafi haft neikvæðari áhrif á samþættingu fjölskyldu- og einkalífs hjá mæðrum en feðrum vegna þess að ábyrgð á barnaumönnun hafi lagst af meiri þunga á þær (Zamarro og Prados, 2021). Á hinn bóginn hafa einnig komið fram niðurstöður sem benda til þess að feður hafi axlað stærri hluta heimilisverka og barnaumönnunar en fyrir faraldurinn (Andrew o.fl., 2020; Carlson o.fl., 2020a; Yerkes, André o.fl., 2020).

## Fjarvinna

Almennt er talið að ýmiss konar sveigjanleg vinnuform og möguleikar á fjarvinnu geti aukið jafnvægi vinnu og einkalífs. Á hinn bóginn er langur, ósveigjanlegur og/eða óvæntur vinnutími líklegur til að valda ójafnvægi þar á milli. Aukin atvinnuþáttaka mæðra og breytingar á vinnuskipulagi og kröfum vinnustaða, ásamt auknum kröfum samfélagsins til umönnunar, uppeldis og samveru með börnum, hafa ýtt undir kröfur um sveigjanleg vinnuform, þ.e. að foreldrar geti haft eitthvað um það

að segja hvenær og hvar þeir vinna (Correll o.fl., 2014).

Fjarvinna getur þó einnig ýtt undir hefðbundna verkaskiptingu umönnunar og heimilisstarfa. Ef faðirinn gegnir starfi utan heimilis og móðirin vinnur fjarvinnu heima eru mæður líklegri til að sinna heimilisstörfum og umönnun í meira mæli en feður gera í sömu sporum. Mæður hafa einnig meiri tilhneigingu til að nýta þann tíma sem sparast við fjarvinnu í að hugsa um heimilið en feður, sem nýta tíma sem sparast frekar í aukna vinnu eða í eigin frítíma. Þá er vinnutími mæðra í fjarvinnu oftast rofinn af heimilisverkum og umönnun en hjá feðrum í fjarvinnu, sem eykur streitu og ójafnvægi milli vinnu og einkalífs meira hjá mæðrum en feðrum (Lyttelton o.fl., 2020).

Líkt og á Íslandi, varð mikill vöxtur í fjarvinnu í Bandaríkjunum vegna COVID-19. Rannsókn á kynbundinni verkaskiptingu foreldra þar, fyrir og á meðan farsóttin stóð yfir, sýnir að það hvort foreldrar unnu heima eða á vinnustaðnum í farsóttinni hefur áhrif á hvernig þeir skipta með sér umönnun barna og heimilisstörfum en með ólíkum hætti. Mæður og feður sem unnu bæði alfarið heima vörðu meiri tíma í heimilisstörf en foreldrar sem unnu á vinnustaðnum eða að hluta til heima. Í fyrri hópnum, sem vann alfarið heima, var skipting heimilisstarfa ójafnari milli feðra og mæðra en meðal foreldra sem unnu að hluta til á vinnustaðnum. Á hinn bóginn kom í ljós að umönnun barna var jafnari meðal fjarvinnufólks en hópsins sem vann að hluta til á vinnustaðnum. Samkvæmt niðurstöðunum verja feður í fjarvinnu þannig meiri tíma í umönnun barna borið saman við feður sem vinna á vinnustað, en fjarvinnufeðurnir verja ekki meiri tíma í heimilisstörf en feður sem ekki vinna fjarvinnu (Lyttelton o.fl., 2020).

Niðurstöður annarrar könnunar, sem framkvæmd var í Bandaríkjunum í apríl 2020 meðal tæplega 500 sambúandi foreldra og ríflega 150 einstæðra foreldra, sýndi að lokun skóla og dagvistunar í farsóttinni jók álag á starfandi foreldra. Niðurstöður sýndu einnig að þetta viðbótarálag var kynbundið, líkt og umönnun og heimilisstörf almennt. Þannig sögðust ríflega sex af hverjum tíu starfandi mæðrum og fimm af tíu starfandi feðrum hafa aukið tíma við heimilisstörf eftir að farsóttin skall á. Tæplega helmingur mæðra en ríflega þriðjungur feðra sagðist hafa varið meiri tíma í umönnun eftir að farsóttin skall á (Dunatchik o.fl., 2021).

Þá kom einnig fram að breyting á heimilisstörfum og umönnun var ólík eftir því hvort foreldrar unnu alfarið fjarvinnu eða unnu á vinnustaðnum. Þar sem báðir foreldrar unnu á vinnustaðnum var auknu umönnunarálagi og heimilisstörfum svarað með jafnara framlagi beggja foreldra. Á heimilum þar sem báðir foreldrar unnu fjarvinnu báru mæður stærri hluta aukins álags vegna farsóttarinnar. Þegar mæður unnu fjarvinnu en faðirinn ekki voru þær mun líklegri til að hafa aukið vinnu við heimilishald en mæður þar sem báðir foreldrar unnu fjarvinnu. Þegar feður unnu fjarvinnu en móðirin vann á vinnustaðnum lögðu feður minna til heimilisstarfa og umönnunar borið saman við heimili þar sem mæður unnu fjarvinnu en faðirinn vann á vinnustaðnum (Dunatchik o.fl., 2021).

Niðurstöður ofangreindra rannsókna eru því ekki einhlítar. Annars vegar má sjá vísbendingar um að fjarvinna ýti undir kynbundna verkaskiptingu, þ.e. að mæður axli stærri hluta byrðanna sem farsóttin veldur í takt við þá verkaskiptingu sem var fyrir hana. Hins vegar má finna rannsóknir sem sýna hið gagnstæða; að í hópi fjarvinnufólks taki feður á sig aukinn hluta þeirra byrða sem farsóttin skapaði, einkum hvað varðar umönnun barna. Raunar virðast rannsóknarniðurstöður frekar sýna að afleiðingar faraldursins hafi verið þær að feður hafi aukið þátttöku sína í umönnun barna sinna en hitt (Barker o.fl., 2021; Del Boca o.fl., 2020; Herzberg-Druker o.fl., 2020; Mangiavacchi o.fl., 2020; Shafer o.fl., 2020; Zamberlan o.fl., 2021).

Þetta gæti þýtt að faraldurinn dragi úr kynbundnum mun á umönnun og heimilisstörfum og að hugsanlega muni feður sem auka þátttöku sína í heimilisstörfum og barnaumönnun ekki draga aftur úr framlagi sínu eftir að farsóttinni lýkur (Farré og González, 2019; Patnaik, 2019; Tamm, 2019).

## Ísland

Ísland er áhugavert í þessu sambandi af nokkrum ástæðum. Í fyrsta lagi kom aldrei til útgöngubanns eða allsherjar lokunar skóla og eru Ísland og Svíþjóð einu Evrópulöndin sem aldrei lokuðu skólum

og leikskólum alfarið (Blum og Dobrotić, 2021). Frá 16. mars 2020 giltu þó ákveðnar fjöldatakmörkanir. Leikskólar máttu vera opnir eins og venjulega sem og grunnskólar nema hvað þar giltu þær takmörkanir að ekki máttu vera fleiri en 20 nemendur í hverri stofu og séð yrði til þess að stórir hópar hittust ekki t.d. í matsal eða á leiksvæði (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2021). Það raskaði starfi skólanna að einhverju leyti. Áhrif faraldursins á umönnunarábyrgð foreldra voru því væntanlega minni en í þeim þjóðfélögum þar sem leik- og grunnskólum var lokað.

Í öðru lagi teljast Íslendingar vera mjög framarlega meðal þjóða veraldar þegar kemur að kynja-jafnrétti og hafa vermt fyrsta sæti í alþjóðasamanburði *World Economic Forum* frá 2009. Könnunin *International Social Survey (ISSP)* árið 2012 sýndi afar lítinn stuðning við kynbundna verkaskiptingu og 84% svarenda hérlendis voru ósammála þeirri fullyrðingu að hlutverk karla væri að sinna launavinnu en hlutverk kvenna að sinna heimilinu (Kolbeinn Stefánsson o.fl., 2020).

Stuðningur við jafna skiptingu fæðingarorlofs milli mæðra og feðra er einna mestur hér á landi, ásamt Norðurlöndunum, Þýskalandi og Frakklandi, af 30 löndum sem mæld voru í ISSP árið 2012 (Adema o.fl., 2017). Fleiri athuganir benda til þess að stuðningur við kynbundna verkaskiptingu sé ekki útbreiddur á Íslandi frekar en í öðrum norrænum löndum (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2011). Þetta ætti að þýða að líklegt sé að innan íslenskra fjölskyldna sé það sammingsatriði, frekar en fyrir fram gefið, hvort foreldra eigi að vera heima ef þörf er á slíku vegna barns eða barna, svo sem þegar röskun verður á starfi leik- eða grunnskóla.

Í þriðja lagi, og þessu tengt, þá er atvinnuþátttaka íslenskra kvenna mjög mikil. Árið 2019 var 91% karla á aldrinum 25–64 ára á vinnumarkaði og 83% kvenna (Hagstofa.is, e.d. b). Þá hefur dregið úr kynbundnum launamun hérlendis á síðustu árum. Samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands var óleiðréttur launamunur kynjanna 20,5% árið 2008 en 13,9% árið 2019 (Hagstofa.is, e.d. d). Hvort tveggja ætti að ýta undir jafna stöðu karla og kvenna þegar kemur að því að ákveða hvort foreldrið á að vera heima með barni eða börnum ef þörf er á því.

Þó farsóttin hafi almennt haft mikil áhrif á atvinnustöðu fólks, og einnig hvar vinnan var framkvæmd, voru afleiðingar hvað þetta tvennt varðar ekki mjög kynbundnar hérlendis. Milli annars ársfjórðungs 2019 og 2020 dró úr atvinnuþátttöku bæði karla og kvenna (25–64 ára) en þó aðeins lítillega meira meðal kvenna (-4%) en karla (-2%). Atvinnuleysi jókst einnig milli ára, en sú aukning var áþekk hjá körlum og konum. Atvinnuleysi kynjanna var þannig svipað á öðrum ársfjórðungi 2020, 6% hjá körlum og tæp 7% hjá konum (Hagstofa.is, e.d. a). Samanburður á árstölum 2020 og 2019 sýna einnig að breytingar á atvinnuþátttöku, hlutfalli starfandi og atvinnuleysi voru mjög áþekkar hjá kynjunum (Hagstofa.is, e.d. b).

Tölur Hagstofu sýna að fjöldi stunda sem unnar voru í fjarvinnu heima jukust mikið milli annars ársfjórðungs 2019 og 2020. Hjá 25–64 ára körlum um tæpar 12 stundir á viku og rúmar 11 stundir hjá konum (Hagstofa.is, e.d. b). Fjarvinnna jókst mun meira í hópi langskólamentaðra en annarra, enda störf þeirra oftast með þeim hætti að þau má vinna óháð staðsetningu (Hagstofa.is, e.d. c).

Í fjórða lagi hefur verið unnið að því hérlendis að auka möguleika karla til þátttöku í heimilislífi og umönnun barna sinna. Á nokkrum árum færðist íslenskt samfélag frá „veikri“ stöðu feðra í umönnun barna til nokkuð sterkar, svo notuð séu hugtök Hobson og Morgan (2002). Sameiginleg forsjá barna við skilnað var leidd í lög 1992 og var lögfest sem meginregla árið 2006. Á vordögum árið 2000 voru síðan sett lög um fæðingar- og foreldraorlof þar sem feður fengu þrjá óframseljanlega mánuði fæðingarorlofs. Á einni nóttu jókst fæðingarorlofstaka íslenskra feðra úr 0,3% í tæp 90%. Feður sem hafa nýtt sér réttinn eru mun virkari í barnaumönnun en áður hefur þekkt (Ásdís A. Arnalds o.fl., 2019; 2022) og í betri tengslum við afkvæmi sín en gengur og gerist í öðrum löndum (Ársæll Már Arnarsson og Hermína Gunnþórsdóttir, 2016).

Eigindleg athugun bendir til þess að ungir íslenskir barnlausir karlar líti á nána umönnun eigin barna sem hluta karlmennsku (Ásta Jóhannsdóttir og Ingólfur V. Gíslason, 2018). Þó er mæðrahyggja enn rík í íslensku samfélagi og töluverður þrýstingur á mæður að haga sér í samræmi við það (Gyða M. Pétursdóttir, 2009; Sunna Símonardóttir, 2016). Það sést til dæmis á því að mæður eru lík-

legri en feður til að brúa umönnunarbilið frá lokum fæðingarorlofs til leikskóla og að mæður aðlaga vinnutíma sinn og vinnutímamynstur að þörfum fjölskyldunnar, sérstaklega þar sem ung börn eru á heimilinu (Ásdís A. Arnalds, 2020; Edda Sigurbjörg Ingólfssdóttir og Ingólfur V. Gíslason, 2016; Farstad, 2012). Þó að kynjajafnrétti einkenni viðhorf foreldra þá er tíminn meðan börn eru ung settur innan sviga og lítið svo á að sá tími sé utan við félagslegan veruleika á borð við jafnan rétt og stöðu karla og kvenna (Ingólfur V. Gíslason og Sunna Simonardóttir, 2018).

Alþjóðleg samburðarathugun komst að þeirri niðurstöðu að langt feðraorlof, sterk hefð fyrir vinnumarkaðsþátttöku kvenna og óhefðbundnari viðhorf til hlutverka kynjanna séu allt þættir sem tengjast stuðningi við jafna skiptingu launavinnu og ólaunaðrar umhyggju (Salin o.fl., 2018). Því miður hefur engin rannsókn verið framkvæmd á tímanotkun Íslendinga sem er sambærileg norrænum eða alþjóðlegum rannsóknum á hvernig fólk ver tíma sínum, en ekki virðist ástæða til að ætla að það sé með mikið öðrum hætti en hjá öðrum norrænum þjóðum.

Tvær eigindlegar rannsóknir á áhrifum COVID-19 á fjölskyldulíf héraendis voru framkvæmdar í fyrstu bylgju faraldursins (Andrea Hjálmsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir, 2021; Annadís Greta Rúdólfssdóttir og Auður Magnús Auðardóttir, 2020; Auður Magnús Auðardóttir og Annadís Greta Rúdólfssdóttir, 2020). Í báðum tilfellum voru þátttakendur sjálfvaldir og svo til einvörðungu mæður tóku þátt. Niðurstöður rannsókna voru svipaðar, þ.e. að spenna hafi aukist í parsambandinu vegna verkaskiptingar launaðra og ólaunaðra starfa og umönnunar barna vegna COVID-19 og að mæðurnar hafi, frekar en makar þeirra, dregið úr launavinnu eða lagað hana að þörfum fjölskyldunnar.

Niðurstöður lífshagránnsóknar Hagstofu Íslands (2021) sýna að meirihluti svarenda taldi álag vegna heimilisstarfa svipað og fyrir farsóttina, en 15% karla og kvenna töldu álagið hafa aukist. Álag jókst mun meira á heimilum með börn en á barnlausum heimilum. Niðurstaða Hagstofu var að farsóttin hefði ekki haft teljandi áhrif á verkaskiptingu mæðra og feðra á heimilinu en þó hefði meiri breyting orðið á heimilum með börn en á barnlausum heimilum. Breytingar á verkaskiptingu feðra og mæðra á heimilinu voru bæði í átt til meiri jöfnuðar og ójöfnuðar. Þar sem börn voru á heimili voru bæði fleiri foreldrar sem sögðu að skiptingin væri jafnari en einnig að hún væri ójafnari heldur en á barnlausum heimilum. Niðurstöður voru ekki greindar eftir því hvort foreldrar unnu heima eða á vinnustað.

### Áhrif staðsetningar vinnunnar á kynbundin áhrif farsóttarinnar

Ljóst er að farsóttin hefur haft margvísleg og mótsagnakennd áhrif á líf og aðstæður fjölskyldna og kynbundna verkaskiptingu foreldra. Ein sviðsmyndin er að farsóttin hafi valdið þróun í átt að „hefðbundnari“ verkaskiptingu kynjanna; að aukið álag vegna minni þjónustu umönnunaraðila hafi bitnað í meira mæli á mæðrum en feðrum. Þetta hafi valdið lakara jafnvægi vinnu og einkalífs meðal mæðra og aukið líkur á að þær dragi úr vinnutíma sínum eða hverfi alfarið af vinnumarkaði.

Hin sviðsmyndin er að farsóttin hafi dregið úr kynbundinni verkaskiptingu feðra og mæðra á heimilinu. Í þeim tilvikum þar sem feður vinna fjarvinnu hafi þeir einnig aukið hlutdeild sína í umönnun og heimilisstörfum. Það sem gæti ýtt undir slíka þróun á Íslandi eru fyrst og fremst sterkar jafnréttishugmyndir og tiltölulega jöfn staða kynja á mörgum sviðum.

### Tilgátur

Niðurstöður úr rannsóknum tengdum COVID-19 benda eindregið til þess að staðsetning vinnunnar sé lykilþáttur varðandi það hvernig foreldrar laga launaða vinnu að breyttum aðstæðum og aukinni umönnunarbyrði (Carlson o.fl., 2020b; Dunatchik o.fl., 2021; Lyttelton o.fl., 2020). Hér er því lögð áhersla á að skoða breytingar á kynbundinni verkaskiptingu eftir staðsetningu vinnunnar: Hvort báðir foreldrar hafi þurft að færa starf sitt heim (unnið heima í fjarvinnu), hvort báðir foreldrar hafi áfram getað unnið starf sitt á vinnustaðnum (unnið staðvinnu), eða hvort staða foreldranna var ólík, þ.e. hvort annað foreldrið hafi unnið fjarvinnu en hitt foreldrið unnið á vinnustaðnum.

Fyrri rannsóknir benda til þess að áhrif farsóttarinnar á kynbundna verkaskiptingu séu ólík eftir því hvar vinnan er innt af hendi, t.a.m. að mæður sem vinna fjarvinnu, sem eiga maka sem vinnur á

vinnustaðnum, auki hlut sinn í umönnun og heimilisstörfum meira en feður gera í sömu sporum. Þá benda rannsóknir einnig til þess að þar sem foreldrar vinna heima taki feður aukinn þátt í umönnun barna sinna. Það er því mikilvægt að skoða hvernig foreldrar höguðu skiptingu heimilisstarfa og umönnun barna m.t.t. þess hvernig þeir höguðu störfum sínu í faraldrinum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að breytingar séu í eina eða aðra átt – í átt að auknum eða minni kynbundnum mun – eru öll tölfræðipróf tvíhliða. Þetta er í takt við að niðurstöður hafa verið nokkuð mótsagnakenndar hvað varðar áhrif farsóttarinnar á kynbundna verkaskiptingu foreldra.

Fyrst skoðum við hvaða áhrif farsóttin hafði á hvernig starfandi foreldrar skiptu með sér umönnun barna sinna. Í öðru lagi skoðum við áhrif farsóttarinnar á verkaskiptingu heimilisstarfa meðal sama hóps. Loks eru skoðuð áhrif farsóttarinnar á samþættingu launavinnu og umönnunarábyrgðar. Allar niðurstöður eru skoðaðar sérstaklega eftir því hvar foreldrar unnu launavinnu þ.e. hvort báðir foreldrar unnu fjarvinnu heima, hvort báðir foreldrar unnu á vinnustaðnum, eða hvort annað foreldrið vann heima og hitt á vinnustaðnum.

## Aðferð

### Framkvæmd

Við rannsóknina var notaður spurningalistinn *Gender (In)equality in Times of COVID-19*, sem var unnin af fræðafólki við Háskólana í Utrecht, Amsterdam og Radboud, með góðfúslegu leyfi þess. Rannsakendur þýddu listann og staðfærðu. Könnunin var lögð fyrir í lok fyrstu bylgju faraldursins á tímabilinu 22. maí – 8. júní 2020. Um var að ræða netkönnun sem lögð var fyrir 1337 manns úr viðhorfahópi Gallup á aldrinum 21–69 ára. A.m.k. eitt barn yngra en 18 ára bjó á heimili svarandans. Alls svöruðu 653 og þátttökuhlutfall því 49%.

### Mælingar

Skipting umönnunar milli foreldra var mæld með tveimur spurningum: „Hvernig skiptuð þú og maki þinn með ykkur umönnun barna (þar með talið aðstoð við heimanám) fyrir kórónufaraldurinn?“ Í kjölfarið var svo spurt sömu spurningar nema spurt var hvernig umönnun barna hefði verið skipt eftir að faraldurinn hófst og til 4. maí. Svarmöguleikar voru á sjö punkta kvarða frá (1) „Ég gerði næstum allt“ og til (7) „Maki minn gerði næstum allt.“

Skipting heimilisstarfa milli foreldra var mæld með því að spyrja „Hvernig skiptuð þú og maki þinn með ykkur heimilisstörfum fyrir kórónufaraldurinn?“ Svo var spurt samskonar spurningar, nema þá var vísað til tímans eftir að kórónufaraldurinn hófst og til 4. maí?“ Svarmöguleikar voru aftur á sjö punkta kvarða frá (1) „Ég gerði næstum allt“ og til (7) „Maki minn gerði næstum allt.“

Mat foreldra á hvernig gengi að samþætta launavinnu og umönnunarábyrgðar var mælt með tveimur spurningum: „Hversu auðvelt eða erfitt var það fyrir þig að samþætta launavinnu og umönnunarábyrgð þína fyrir kórónufaraldurinn?“ Og „Hversu auðvelt eða erfitt var það fyrir þig að samþætta launavinnu og umönnunarábyrgð þína (þar með talið aðstoð við heimanám) eftir að dregið var úr þjónustu leikskóla, skóla og frístundaheimila?“ Svarmöguleikar við báðum spurningum voru á fimm punkta kvarða, frá (1) „Mjög erfitt“ til (5) „Mjög auðvelt.“

Þá var spurt um hvort svarandi og maki væru í launaðri vinnu eða ekki og um staðsetningu vinnunnar, hvort unnið væri heima eða á vinnustaðnum. Þá var spurt um breytingar á vinnutíma og á hvaða tíma dags svarandi og maki unnu, auk spurninga um fjölda og aldur barna, menntun, og fleira.

### Greining gagna

Hér er gerð grein fyrir niðurstöðum sem snúa að starfandi foreldrum með maka með eitt eða fleiri börn á heimili, 18 ára eða yngra, og skoðað hvaða áhrif COVID-19 hafði á verkaskiptingu vegna umönnunar og heimilisstarfa og mat á jafnvægi launavinnu og umönnunarábyrgðar, eftir því hvort

foreldrar vinna staðvinnu eða fjarvinnu. Hér er um að ræða þversniðsrannsókn, en mat á áhrifum farsóttarinnar er gerð með því að spyrja spurninga um stöðu og líðan fyrir og eftir farsóttina. Einstæðum foreldrum og foreldrum sem ekki voru starfandi er sleppt úr þessari greiningu þar sem markmiðið er að skoða hvort farsóttin hafði áhrif á hvernig starfandi foreldrar á heimili með barn yngra en 18 ára á heimili skipta með sér verkum og upplifun þeirra af jafnvægi vinnu og einkalífs við aðstæður þar sem umönnunarábyrgð er skyndilega aukin vegna minni þjónustu skóla, leikskóla og frístundaheimila.

Til að skoða áhrif farsóttarinnar er lýsandi tölfræði fyrir mæður og feður skoðuð eftir staðsetningu vinnunnar með spurningum um stöðu mála fyrir og eftir að hún skall á. Notuð eru Kí-kvaðrat próf til að skoða sambönd milli breyta. Einnig eru notuð t-próf til að skoða mun á meðaltölum á spurningum þegar spurt er um stöðu fyrir og eftir COVID. Þá eru gerðar fjölbreytugreiningar þar sem háðu breyturnar eru breytingar á svörum foreldra fyrir farsóttina og eftir að hún skall á hvað varðar verkaskiptingu heimilisstarfa, umönnunar og jafnvægi vinnu og einkalífs. Spábreytur eru staðsetning vinnunnar, kyn, aldur barna á heimili og menntun.

## Niðurstöður

Stærsti hluti svarenda er 35–44 ára (44%) og næststærsti hópurinn er 45–54 ára (32%). Meirihluti svarenda hefur lokið háskólanámi, eða sjö af hverjum tíu. Feður voru 46% og mæður 54%. Börn yngri en 6 ára eru á heimili 45% svarenda, en þar geta einnig verið eldri börn (sjá töflu 1a).

**Tafla 1a.** Svarendur

	Fjöldi	Hlutfall
<i>Mæður</i>	231	54%
<i>Háskólapróf</i>	222	70%
<i>Börn yngri en 6 ára á heimilinu</i>	193	45%
<i>Aldur</i>		
25-34 ára	81	19%
35-44 ára	188	44%
45-54 ára	135	32%
55 ára og eldri	25	6%

## Staðsetning vinnunnar: Frá vinnustaðnum og inn á heimilið eða áfram á vinnustaðnum?

Aðstæður foreldra voru mjög mismunandi, sumir sinntu starfi sínu alfarið heiman frá sér á meðan aðrir sinntu t.d. framlínustörfum og voru jafnvel meira að heiman en venjulega. Ríflega helmingur svarenda sagðist vinna eingöngu heima eða að hluta til heima vegna faraldursins. Lítið eitt lægra hlutfall sagði það sama um aðstæður maka síns.

Á grundvelli þessara svara var starfandi foreldrum með maka skipt í fjóra hópa: a. báðir foreldrar vinna heima (n=160), b. maki vinnur heima, en svarandinn vinnur á vinnustaðnum (n=73), c. svarandinn vinnur heima, en maki vinnur á vinnustaðnum (n=95), og d. báðir foreldrar vinna á vinnustaðnum (n=101). Alls eru þetta 430 svör.

Tafla 1b sýnir hópana fjóra og hlutfall sem er með háskólamenntun í hverjum hópi. Áberandi hærra menntunarstig er hjá þeim svarendum sem vinna heima miðað við þá sem vinna áfram á vinnustaðnum. Svarendur í hópi a, þar sem svarandi vinnur heima og maki einnig, eru í miklum meirihluta háskólamenntaðir. Svarendur í hópi d, þ.e. þeir sem segjast vinna á vinnustaðnum og segja að maki geri það einnig, voru hlutfallslega mun oftast einvörðungu með grunnskólamenntun ( $\chi^2=35,3$ ; Df = 6;  $p < .001$ ).



**Tafla 1b.** Hvar er launuðu starfi sinni – staðvinna og fjarvinna svaranda og maka

	Hlutfall (%)	Hlutfall svarenda með háskólapróf
<i>Hvar er starfi sinni?</i>		
a. Báðir foreldrar vinna heima	37%	81%
b. Maki er heima en ég vinn á vinnustaðnum	17%	62%
c. Ég er heima en makinn er á vinnustaðnum	22%	80%
d. Báðir vinna á vinnustaðnum	24%	47%
Alls	100% (n=430)	69% (n=319)

Svarendum var skipt í tvo hópa eftir aldri barna á heimilinu. Annars vegar þar sem barn sex ára eða yngra var á heimili (45%), hvort sem eldra barn var einnig á heimilinu eða ekki, og hins vegar hóp þar sem eingöngu voru börn eldri en sex ára á heimilinu (55%). Ekki er munur á dreifingu á aldri barna hjá hópunum fjórum í töflu 1b, né heldur er munur á aldursdreifingu svarenda í hópunum fjórum. Hóparnir fjórir sem lýsa staðsetningu vinnunnar eru því eins hvað þetta varðar.

Tæplega níu af hverjum tíu svarendum sögðu að fjölskyldan hefði fundið fyrir áhrifum minni þjónustu skóla og leikskóla. Tæpur þriðjungur sagði að börnin hefðu verið alfarið heima og ríflega 60% til viðbótar sögðu að börnin hefðu verið að hluta til heima. Tæplega einn af hverjum fimm svarendum sem áttu börn sex ára eða yngri sagði barnið/börnin alfarið hafa verið heima borið saman við ríflega þriðjung svarenda sem áttu eingöngu börn á grunnskólaaldri ( $\chi^2 = 18,2$ ; Df = 1;  $p < .001$ ). Ekki var munur á svörum feðra og mæðra né eftir menntun svarenda hvað varðar veru þeirra heima í farsóttinni. Hvort barn/börn voru alfarið heima eða ekki var heldur ekki tengt staðsetningu vinnunnar (fjarvinna/staðvinna).

Hjá helmingi svarenda urðu litlar breytingar vegna farsóttarinnar á því hvenær foreldrar unnu vinnu sína. Ríflega fimmtungur vann jafnmikið eða meira á venjulegum vinnudögum og jók vinnu á öðrum tímum (kvöld, helgar eða á frídögum), og ríflega 10% juku vinnu utan venjulegs vinnutíma en drógu úr vinnu á venjulegum vinnudögum. Alls juku því um 30% vinnu utan venjulegs vinnutíma. Lítil hópur dró úr vinnu á venjulegum vinnudögum og jók ekki vinnu á öðrum tímum (14%) og enn minni hópur jók vinnu á venjulegum vinnudögum (7%). Breytingar á vinnutímamynstri tengjast staðsetningu vinnunnar og voru mestar breytingar á vinnutímamynstri hjá þeim sem færðu vinnu sína heim vegna farsóttarinnar og minnstar þar sem báðir foreldrar unnu áfram á vinnustaðnum.

### Hvernig skiptu foreldrar með sér umönnun barna og heimilisstörfum?

Spurt var um skiptingu umönnunar og heimilisstarfa milli foreldra, bæði fyrir farsótt og eftir að hún skall á, á sjö punkta kvarða frá „Ég gerði næstum allt“ (1) til „Maki gerði næstum allt“ (7). Í miðjunni er „Jöfn skipting“ (4). Hærra gildi þýðir að maki gerir meira en svarandinn, en lægra gildi að svarandinn geri meira en makinn. Þegar hlutfallsdreifing er skoðuð voru svörin við spurningum um verkaskiptingu umönnunar og heimilisstarfa tekin saman í þrjá flokka: „Ég gerði meira en maki,“ „Jöfn skipting“ og „Maki gerði meira en ég“.

### Umönnun barna

Skipting umönnunar milli foreldra er mjög kynbundin, bæði fyrir farsóttina og eftir að hún skall á. Mæður segjast í báðum tilvikum sinna umönnun í mun meira mæli en maki. Svör feðra eru samhljóma svörum mæðra og segjast feður almennt gera minna en maki, bæði fyrir farsóttina og eftir að hún skall á. Þó má sjá að feður telja verkaskiptinguna jafnari en mæður, bæði fyrir og eftir farsótt (sjá töflu 2).<sup>i</sup>

Hlutfallsdreifing við spurningunni um umönnun var skoðuð eftir þremur flokkum. Aðeins 5% mæðra sögðu að maki sinnti meiri umönnun en þær fyrir faraldurinn, en fleiri, eða 12%, sögðu þannig í stakk búið eftir hann. Aðeins 7% feðra sögðust gera meira en maki fyrir farsótt en fleiri, eða 13%, eftir að hún skall á (sjá töflu 2).

**Tafla 2.** Umönnun barna, þar með talin aðstoð við heimanám, fyrir og eftir COVID-19

Verkaskipting umönnunar	Fyrir farsótt		Eftir að farsóttin skall á	
	Feður	Mæður	Feður	Mæður
Ég gerði meira en maki	7%	46%	13%*	46%
Við skiptum jafnt	58%	49%	58%	42%
Maki gerði meira en ég	36%	5%	28%	12%*
Alls	100%	100%	100%	100%
n (fjöldi)	182	218	179	216
Kí-kvaðrat próf: Munur á svörum mæðra og feðra (tvíhliða próf):	$\chi^2 = 106,1$ ; Df = 2; $p < .001$		$\chi^2 = 52,7$ ; Df = 2; $p < .001$	

\* Munur á hlutfallstölum í svörum feðra fyrir og eftir farsótt og mæðra fyrir og eftir farsótt er marktækur ( $p < .05$ )

Samanburður á meðaltölum sýnir að mæður segjast sjá um stærri skerf umönnunar en feður, bæði fyrir farsóttina ( $t = 10,7$ ; Df = 389;  $p < .001$ ) og eftir hana ( $t = 7,5$ ; Df = 389;  $p < .001$ ). Breyting á meðaltölum á spurningum um skiptingu umönnunar fyrir og eftir farsóttina var einnig reiknuð fyrir hvort kyn um sig. Þær niðurstöður sýna að feður segjast að jafnaði hafa **aukið hlutdeild** sína í umönnun barna vegna farsóttarinnar, sem sést í lægra meðaltali í svörum þeirra eftir farsóttina en fyrir. Mæður telja á hinn bóginn að ekki hafi orðið breyting á hlutdeild sinni í umönnun vegna farsóttarinnar þegar niðurstöður eru skoðaðar með þessum hætti (sjá töflu 3).

**Tafla 3.** Hlutdeild í umönnun, ásamt aðstoð við heimanám – munur á meðaltölum fyrir og eftir COVID-19

	Feður		Mæður	
	Áður en farsóttin skall á	Eftir að farsóttin skall á	Áður en farsóttin skall á	Eftir að farsóttin skall á
Meðaltal*	4,33	4,18	3,28	3,33
Fjöldi (n)	179	179	213	213
Staðalfrávik	0,82	0,98	1,10	1,23
Breyting á meðaltölum fyrir og eftir farsóttina	Parað t-próf, $t = 2,8$ , Df = 178; $p < .01$ (tvíhliða próf)		Parað t-próf, $t = 1,09$ , Df = 212; E.m. (tvíhliða próf)	

\*Skýring. Því lægra meðaltal, því meiri er ábyrgð svaranda, því hærra meðaltal, því meiri ábyrgð ber maki, að mati svaranda.

Aukin dreifing í svörum mæðra um hlutdeild í umönnunarábyrgð eftir að farsóttin skall á sýnir að upplifun mæðra hefur verið breytilegri eftir farsóttina en fyrir hana og einnig breytilegri en feðra. Þetta sést skýrt þegar dreifingin er skoðuð nánar: Sumar mæður hafa aukið hlutdeild sína mikið í umönnun eftir að farsóttin skall á en aðrar mæður drógu úr henni eftir að farsóttin skall á. Því verður ekki breyting á meðaltalinu. Breyting á skiptingu umönnunar fyrir og eftir farsóttina er ekki tengd aldri barna, menntun svaranda eða hvort börn voru alfarið heima í faraldrinum.

Fjölbreytugreining var gerð til að skoða áhrif staðsetningar, menntunar, barna á heimili og kyns á breytingu á hlutdeild foreldra í umönnunarábyrgð (greining ekki sýnd). Gerð var línuleg aðhvarfs-greining (OLS) þar sem háða breytan eru breytingar í hlutdeild umönnunar fyrir og eftir COVID-19. Breytingin var fengin með því að draga svör við spurningunni um skiptingu umönnunar fyrir farsóttina frá svörum við sömu spurningu eftir hana. Í jöfnunni var kyn (konur), menntun (háskólapróf), aldur barna (börn yngri en 6 ára á heimili) og staðsetning vinnunnar (þrír hópar: a. báðir foreldrar vinna heima, b. maki vinnur heima, en svarandinn á vinnustaðnum, og c. svarandinn vinnur heima, en maki á vinnustaðnum). Hópur d., báðir foreldrar vinna á vinnustaðnum, var notaður sem viðmið-unarhópur. Allar breytur voru settar inn samtímis. Líkanið reyndist ekki marktækt. Engin af ofan-greindum breytum hefur marktæk áhrif á breytingar á skiptingu umönnunarábyrgðar við farsóttina.

## Heimilisstörf

Skipting heimilisstarfa milli feðra og mæðra, líkt og skipting umönnunar, er mjög ójöfn bæði fyrir farsóttina og eftir að hún skall á. Ríflega helmingur mæðra segist gera meira en maki bæði fyrir farsóttina og eftir hana, en aðeins 11% karla segjast hafa gert meira en maki fyrir farsóttina og 16% eftir að farsóttin skall á. Þá er upplifun mæðra og feðra á skiptingunni einnig ólík: Þrír af hverjum fimm feðrum telja að verkaskipting heimilisstarfa sé jöfn, en tvær af hverjum fimm mæðrum segja svo vera. Farsóttin breytti þessu hlutfalli ekki mikið, eins og tafla 4 sýnir.

**Tafla 4.** Skipting heimilisstarfa fyrir og eftir COVID-19

	Fyrir farsótt		Eftir farsótt	
	Feður	Mæður	Feður	Mæður
<i>Verkaskipting heimilisstarfa</i>				
Ég gerði meira en maki	11%	55%	16%	49%
Við skiptum jafnt	61%	41%	60%	44%
Maki gerði meira en ég	28%	4%	24%	7%
Alls	100%	100%	100%	100%
n (fjöldi)	188	225	188	224
Kí-kvaðratpróf: Munur á svörum mæðra og feðra (tvíhliða próf)	$\chi^2 = 103,5$ ; Df = 2; $p < .001$		$\chi^2 = 57,5$ ; Df = 2; $p < .001$	

Meðaltöl á spurningum um skiptingu heimilisstarfa sýnir með sama hætti að mæður segjast almennt bera meiri ábyrgð á heimilisstörfum en maki hvort sem er fyrir farsóttina eða eftir að hún skall á. Meðaltal mæðra er mun lægra en feðra bæði fyrir farsóttina ( $t = 11,3$ ; Df = 410;  $p < .001$ ) og eftir hana ( $t = 8,0$ ; Df = 409;  $p < .001$ ). Því lægra sem meðaltalið er, því meiri ábyrgð segist svarandinn bera á heimilisstörfum umfram maka.

Feður og mæður eru þó sammála um að farsóttin hafi haft breytingar í för með sér hvað varðar skiptingu heimilisstarfanna. Feður segjast hafa aukið hlutdeild sína í heimilisstörfum (meðaltal feðra lækkar marktækt) eftir að farsóttin skall á og mæður segjast hafa dregið úr hlutdeild sinni í heimilisstörfum (meðaltal mæðra hækkar marktækt) við farsóttina (sjá töflu 5). Þegar meðaltölun eru skoðuð dregur því talsvert saman með kynjunum hvað varðar vinnu við heimilisstörf eftir að farsóttin skall á.

**Tafla 5.** Skipting heimilisstarfa – munur á meðaltölum feðra og mæðra fyrir og eftir COVID-19

	Feður		Mæður	
	Áður en farsóttin skall á	Eftir að farsóttin skall á	Áður en farsóttin skall á	Eftir að farsóttin skall á
Meðaltal *	4,19	4,10	3,23	3,34
Fjöldi (n)	187	187	225	225
Staðalfrávik	0,77	0,90	0,96	1,03
Breyting á meðaltölum fyrir og eftir farsótt	Parað t-próf fyrir feður, $t = -2,6$ ; Df = 186; $p < .05$ (tvíhliða próf)		Parað t-próf fyrir mæður, $t = 2,8$ ; Df = 224; $p < .01$ (tvíhliða próf)	

\* Skýring. Því lægra meðaltal, því meiri er ábyrgð svaranda, því hærra meðaltal, því meiri ábyrgð ber maki, að mati svaranda.

Breyting á meðaltölum spurninganna um hlutdeild í heimilisstörfum fyrir og eftir farsóttina reyndist ekki tengd aldri barna, menntun svarenda eða því hvort börn voru alfarið heima í faraldrinum. Á hinn bóginn er skýr breyting á verkaskiptingu heimilisstarfa eftir staðsetningu vinnunnar (sjá töflu 6). Mest áberandi munur kemur fram á milli hóps b. „Maki er heima en ég vinn á vinnustaðnum“, sem hefur gefið eftir í heimilisstörfum, og hóps c. „Ég er heima en makinn er á vinnustaðnum“, sem

hefur aukið við hlutdeild sína í heimilisstörfum vegna farsóttarinnar. Meðaltal hóps c. er marktækt lægra en meðaltöl allra hinna hópanna (a., b. og d.), sem þýðir að sá hópur jók hlutdeild sína í heimilisstörfum meira en hinir hóparnir þrír.

Breytingar á verkaskiptingu, eftir staðsetningu vinnunnar, voru einnig skoðaðar sérstaklega fyrir mæður og feður (sjá töflu 6). Hún sýnir að aukin þátttaka feðra í heimilisstörfum er aðallega bundin við hóp c. þar sem faðirinn vinnur heima en makinn á vinnustaðnum (meðaltalið lækkar um -0,32). Aukin hlutdeild í heimilisstörfum er mest í þessum hópi og meiri en í hópum a., b. og d.

Þegar svör mæðra eru skoðuð eru áhrifin í samræmi við ofangreint: Mæður draga úr hlutdeild sinni í heimilisstörfum í hópi b., þar sem mæðurnar vinna á vinnustaðnum en makinn er heima (meðaltalið hækkar um 0,26). Í þessum hópi eftirláta mæður maka sínum stærri hluta heimilisstarfa en gerist í öðrum hópum. Öfugt við það sem kemur fram hjá feðrum juku mæður, sem unnu heima meðan á farsóttinni stóð en makinn á vinnustaðnum, ekki marktækt meira ábyrgð sína á heimilisstörfum borið saman við foreldra sem unnu báðir á vinnustað eða báðir heima.

**Tafla 6.** Breyting á ábyrgð á heimilisstörfum eftir staðsetningu vinnunnar (hvar er unnið) eftir farsótt miðað við fyrir farsótt

	a. Báðir foreldrar vinna heima	b. Maki er heima en ég vinn á vinnustaðnum	c. Ég er heima en makinn er á vinnustaðnum	d. Báðir vinna á vinnustaðnum
<i>Mæður og feður</i>				
Ábyrgð á heimilisstörfum – breyting á meðaltali	0,02 <sup>c)</sup>	0,16 <sup>c)</sup>	-0,17 <sup>a, b, d)</sup>	0,09 <sup>c)</sup>
n (fjöldi)	153	70	91	98
Staðalfrávik	0,49	0,61	0,7	0,35
Munur á breytingu á meðaltali milli hópanna fjögurra (tvíhliða próf): F = 5,9; Df = 3; p < .001				
<i>Mæður</i>				
Ábyrgð á heimilisstörfum – breyting á meðaltali	0,16	<b>0,26<sup>c)</sup></b>	-0,09 <sup>b)</sup>	0,14
n (fjöldi)	83	34	57	52
Staðalfrávik	0,48	0,69	0,67	0,41
Munur á breytingu á meðaltali milli hópanna fjögurra (tvíhliða próf): F = 3,4; Df = 3; p < .05				
<i>Feður</i>				
Ábyrgð á heimilisstörfum – breyting á meðaltali	-0,15 <sup>c)</sup>	0,06 <sup>c)</sup>	<b>-0,32<sup>a, b, d)</sup></b>	0,03 <sup>c)</sup>
n (fjöldi)	71	36	34	46
Staðalfrávik	0,45	0,5	0,74	0,25
Munur á breytingu á meðaltali milli hópanna fjögurra (tvíhliða próf): F = 4,8; Df = 3; p < .01				

Ef meðaltal er merkt með „c)“ er meðaltalið marktækt ólíkt hópi c.; Ef meðaltalið er merkt með „b)“ þá er meðaltal marktækt ólíkt hópi b. o.s.frv. Notuð var skipunin UNIANOVA í SPSS. Notað var Scheffé-próf við mat á mun á breytingu á meðaltölum.

Eftir að farsóttin skall á segja feður að heimilisstörfum sé því sem næst jafnt skipt milli þeirra og maka í hópi a. og c. en fyrir farsóttina var það einungis skoðun feðra í hópi a. Að mati mæðra er heimilisstörfum þó hvorki jafnt skipt fyrir farsótt né eftir að hún skall á, þó að þeirra mati mjakist í átt að jafnari skiptingu, sérstaklega í hópi a.

Gerð var línuleg aðhvarfsgreining (OLS) þar sem háða breytan eru breytingar á ábyrgð á heimilisstörfum fyrir og eftir COVID-19. Breytingin á meðaltalinu var fengin með því að draga svör við spurningunni um skiptingu heimilisstarfa fyrir farsóttina frá svörum við sömu spurningu eftir hana. Í jöfnunni var kyn, menntun, aldur barna, staðsetning vinnunnar (sömu þrír hópar og áður, sjá töflu

7). Allar breytur voru settar inn samtímis. Líkanið í heild er vel marktækt ( $F = 4,1$ ;  $Df = 6$ ;  $p < .001$ ) en skýrð dreifing var lítil ( $Adj. R^2 = 6\%$ ).

**Tafla 7.** Breytur í OLS aðhvarfsgreiningu – háð breyta er breyting á ábyrgð á heimilisstörfum

Breyta	Gildi	Hlutfall	Fjöldi (n)
Kyn	Kona = 1	54%	430
Menntun	Háskólapróf = 1	69%	319
Börn	Börn eldri en 6 ára á heimili = 1	55%	429
Staðvinna/fjarvinna	a. Báðir foreldrar vinna heima =1	37%	430
Staðvinna/fjarvinna	b. Maki er heima en ég vinn á vinnustaðnum = 1	17%	430
Staðvinna/fjarvinna	c. Ég er heima en makinn er á vinnustaðnum = 1	22%	430
Víxlverkun kyns og fjarvinnu heima	Mæður í fjarvinnu heima = 1	33%	430

Hópur d., „Báðir foreldrar vinna á vinnustaðnum“, var notaður sem viðmiðunarhópur (=0).

Í jöfnuna var svo bætt víxlverkun kyns og heimavinnu, þ.e. mæðrum sem vinna fjarvinnu heima. Þetta er gert með vísan í niðurstöður sem sýna að mæður sem vinna heima taka oft stærri skerf heimilisstarfa og umönnunar en feður gera í sömu sporum. Þetta líkan er í heild einnig marktækt ( $F = 3,6$ ;  $Df = 7$ ;  $p < .001$ ) en áhrif víxlverkunarinnar voru ekki marktæk og skýringarhlutfallið jókst ekki við þessa viðbót og er það líkan því ekki túlkað frekar.

**Tafla 8.** Niðurstöður aðhvarfsgreiningar. Háð breyta er breyting á ábyrgð á heimilisstörfum

	B	Staðalvilla	p-gildi
<i>Breytur í jöfnu</i>			
Fasti	-0.03	0.07	E.m.
Kyn (kona = 1)	+0.20	0.05	$p < .001$
Menntun (háskólamenntun = 1)	+0.04	0.06	E.m.
Aldur barna (barn eldra en sex ára á heimili = 1)	-0.03	0.05	E.m.
Staðsetning vinnu			
a. Báðir vinna heima	-0.11	0.07	E.m.
b. Maki vinnur heima, ég á vinnustað	+0.05	0.08	E.m.
c. Ég vinn heima, maki á vinnustað	-0.18	0.08	$p < .05$
Víxlverkun; Mæður í fjarvinnu heima	-	-	-
Adj. $R^2$	6%		
F-próf (tvíhliða próf)	$F = 4,1$ ; $Df = 6$ ; $p < .001$		

Hópur d., „Báðir foreldrar vinna á vinnustaðnum“, var notaður sem viðmiðunarhópur og sést því ekki í jöfnunni.

E.m. er Ekki marktækt

Í greiningunni má sjá jákvæð áhrif kyns á ábyrgðarskiptingu heimilisstarfa. Það þýðir að mæður segjast hafa gefið eftir í hlutdeild sinni í heimilisstörfum eftir að farsóttin skall á og feður aukið hlutdeild sína. Einnig má sjá neikvæð áhrif staðsetningar vinnunnar hvað varðar hópur c. „Ég vinn heima, maki á vinnustað.“ Það þýðir að hópur c. eykur við hlutdeild sína í heimilisstörfum við farsóttina að teknu tilliti til annarra breyta í jöfnunni.

Marglínuleiki (multicollinearity) var skoðaður með því að skoða „variance inflation factor“ (VIF) fyrir allar breytur. Hæsti VIF-stuðullinn var 3,6, sem er undir viðmiðunarmörkum til að greina marglínuleika (Robinson og Schumacker, 2009).

## Sambætting vinnu og umönnunarábyrgðar

Spurt var hversu auðveld eða erfið sambætting launavinnu og umönnunarábyrgðar hafi verið (þar með talin aðstoð við heimanám) bæði fyrir faraldurinn og eftir að dregið var úr þjónustu vegna hans. Svarmöguleikar voru á fimm punkta kvarða frá mjög auðvelt (5) til mjög erfitt (1).

Flestir svarenda áttu auðvelt með að samþætta vinnu og umönnun áður en farsóttin skall á (61%), um það bil fimmti hver sagði að það væri hvorki auðvelt né erfitt (22%) og um það bil sjöundi hver átti erfitt með það (17%). Næstum tvöfalt fleiri (31%) sögðust eiga erfiðara með að samþætta vinnu og umönnunarábyrgð eftir að heimsfaraldurinn skall á en fyrir hann (sjá töflu 9).

**Tafla 9.** Sambætting launavinnu og umönnunarábyrgðar – fyrir farsótt og eftir

	... fyrir faraldurinn		... eftir að dregið var úr þjónustu	
	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi
<i>Auðvelt-erfitt að samþætta launavinnu og umönnunarábyrgð?</i>				
Auðvelt	61%	237	48%*	184
Hvorki né	22%	87	20%	77
Erfitt	17%	67	31%*	120
Samtals	100%	391	100%	381
*Munur á hlutfallstölum í svörum fyrir og eftir faraldurinn er marktækur ( $p < .05$ )				
Meðaltal	3,61		3,26	
Staðalfrávik	1,01		1,21	

Breytingin á svörum fyrir og eftir farsóttina er vel marktæk ( $\chi^2 = 22,1$ ;  $Df = 2$ ;  $p < .001$ ). Það gildir einnig um breytingu á meðaltali svaranna (parað t-próf,  $t = -6,5$ ,  $p < .001$ ). Báðar greiningar sýna að sambætting launavinnu og umönnunarábyrgðar versnaði mjög við faraldurinn.

Til að skoða breytingar í svörum við farsóttina voru svör við fyrri spurningunni dregin frá þeirri seinni. Báðar spurningar eru á kvarðanum 1 til 5 og breytingar geta því tekið gildi frá lægst  $\pm 0$  (engar breytingar) til  $\pm 4$  (mestu breytingar). Neikvæð tölugildi þýða að sambættingin hafi versnað, en jákvæð tölugildi að hún hafi batnað. Sambættingin versnaði marktækt bæði hjá feðrum ( $t = -3,8$ ;  $p < .001$ ) og mæðrum ( $t = -5,3$ ;  $p < .001$ ). Hvorki var marktækur munur á meðaltölum feðra og mæðra fyrir farsóttina né eftir að hún skall á.

Foreldrar yngri barna sögðu sambættingu launavinnu og umönnunar erfiðari en þeir sem voru með eldri börn bæði fyrir ( $t = -5,7$ ;  $p < .001$ ) og eftir faraldurinn ( $t = -7,4$ ;  $p < .001$ ). Auk þess má greina neikvæðari breytingar í sambættingu launavinnu og umönnunar hjá foreldrum yngri barna miðað við þar sem ekki voru börn sex ára eða yngri á heimili ( $t = -2,6$ ;  $p < .01$ ). Ekki var munur á sambættingu launavinnu og umönnunarábyrgðar eftir menntun fyrir farsóttina, en marktækt neikvæðari breyting varð á sambættingu launavinnu og umönnunar hjá fólki með háskólapróf en hjá þeim sem voru með aðra menntun ( $t = -2,1$ ;  $p < .05$ ). Einnig má sjá að sambætting launavinnu og umönnunar breyttist eftir því hvar var unnið (staðvinna/fjarvinna) og þá í neikvæðari átt þar sem svarandinn vann heima en mun minna ef svarandinn vann á vinnustaðnum (sjá töflu 10).

**Tafla 10.** Breytingar á meðaltali á svörum við spurningum um samþættingu launavinnu og umönnunarábyrgðar fyrir og eftir farsóttina

	a. Báðir foreldrar vinna heima	b. Maki er heima en ég vinn á vinnustaðnum	c. Ég er heima en makinn er á vinnustaðnum	d. Báðir vinna á vinnustaðnum	Alls
<i>Breyting á samþættingu launavinnu og umönnunar-ábyrgðar</i>					
Breyting meðaltala	-0,48 <sup>d</sup>	-0,11	-0,43	-0,16 <sup>a</sup>	-0,33
Staðalfrávik	1,14	0,89	0,92	0,79	0,98
n (fjöldi)	140	65	81	91	378

Munur á breytingu á meðaltali milli hópanna fjögurra (tvíhliða próf):  $F = 3,7$ ;  $Df = 3$ ;  $p < .05$ . Adj.  $R^2 = 2\%$

Breyting meðaltala er fengin með því að draga svör við spurningunni um samþættingu vinnu og umönnunar fyrir farsóttina frá svörum við spurningunni um samþættingu vinnu og umönnunar eftir farsóttina. Neikvætt tölugildi þýðir að samþætting vinnu og umönnunar hafi versnað en jákvætt tölugildi að samþættingin hafi batnað. Báðar spurningarnar eru á kvarðanum 1-5. <sup>d</sup> Hópur a. er marktækt lægri en hópur d. ( $p < .05$ ). <sup>a</sup> Hópur .d er marktækt hærri en hópur a. ( $p < .05$ ) Notuð var skipunin UNIANOVA í spss og Scheffé Posthoc-próf við mat á mun á meðaltölum.

Gerð var línuleg aðhvarfsgreining (OLS) þar sem breytingar á samþættingu launavinnu og umönnunar frá því fyrir COVID-19 og eftir voru skoðaðar. Eins og áður hefur komið fram er breyting á meðaltalinu fengin með því að draga svör við spurningunni um samþættingu vinnu og umönnunar fyrir farsóttina frá svörum við sömu spurningu eftir farsóttina. Í jöfnunni var kyn, menntun (háskóla-menntun), aldur barna (börn 6 ára og yngri) og staðsetning vinnunnar. Eins og áður var hópur d., báðir foreldrar vinna á vinnustaðnum, notaður sem viðmiðunarhópur (sjá töflu 11).

**Tafla 11.** Breytur í OLS aðhvarfsgreiningu. Háð breyta er samþætting launavinnu og umönnunar-ábyrgðar

		Hlutfall	Fjöldi (n)
<i>Breyta</i>	<i>Gildi</i>		
Kyn	Kona = 1	54%	430
Menntun	Háskólapróf = 1	69%	319
Börn	Börn eldri en 6 ára á heimili = 1	55%	429
Staðvinna/fjarvinna	a. Báðir foreldrar vinna heima = 1	37%	430
Staðvinna/fjarvinna	b. Maki er heima en ég vinn á vinnustaðnum = 1	17%	430
Staðvinna/fjarvinna	c. Ég er heima en makinn er á vinnustaðnum = 1	22%	430
Víxlverkun kyns og heimavinnu	Mæður sem vinna fjarvinnu heima = 1	33%	430

Hópur d., „Báðir foreldrar vinna á vinnustaðnum“, var notaður sem viðmiðunarhópur.

Allar breytur voru settar inn samtímis. Líkanið í heild er vel marktækt ( $F = 4,4$ ;  $Df = 6$ ;  $p < .001$ ) en skýrð dreifing var lítil (Adj.  $R^2 = 7\%$ ). Í jöfnuna var svo bætt víxlverkun kyns og heimavinnu, þ.e. mæðrum sem vinna fjarvinnu heima. Eins og áður hefur komið fram er þetta gert með vísan til niðurstaðna sem sýna að mæður sem vinna heima taka oft stærri skerf heimilisstarfa og umönnunar en feður gera í sömu sporum. Þetta líkan er í heild einnig vel marktækt ( $F = 4,4$ ;  $Df = 7$ ;  $p < .001$ ) og skýrð dreifing marktækt meiri ( $p < .05$ ) en í fyrra líkaninu (sjá töflu 12).

**Tafla 12.** Breytingar á samþættingu launavinnu og umönnunarábyrgðar vegna COVID-19.

<i>Breyta</i>	1. Án víxlverkunar			2. Með víxlverkun		
	b	Staðal- villa	p-gildi	b	Staðal- villa	p-gildi
Fasti	-0.20	0.15	E.m.	-0.33	0.16	p < .05
Kyn (kona = 1)	-0.06	0.11	E.m.	+0.21	0.17	E.m.
Menntun (háskólamenntun = 1)	-0.12	0.13	E.m.	-0.12	0.12	E.m.
Aldur barna (barn eldra en sex ára á heimili = 1)	+0.37	0.11	p < .001	+0.36	0.11	p < .01
a. Báðir vinna heima	-0.37	0.14	p < .05	-0.12	0.18	E.m.
b. Maki vinnur heima, ég á vinnustað	-0.08	0.17	E.m.	-0.06	0.17	E.m.
c. Ég vinn heima, maki á vinnustað	-0.37	0.17	p < .05	-0.11	0.21	E.m.
Víxlverkun; Mæður í fjarvinnu	-	-	-	-0.46	0.22	p < .05
Adj. R <sup>2</sup>	7%			8%		
F-próf (tvíhliða próf)	F = 4,4; Df = 6; p < .001			F = 4,4; Df = 7; p < .001		
Hópur d., „Báðir foreldrar vinna á vinnustaðnum“, var notaður sem viðmiðunarmörk = 0.						
E.m. = Ekki marktækt (tvíhliða próf).						

Í báðum greiningum má sjá að ef ekki er barn sex ára eða yngra á heimilinu þá eru jákvæðar breytingar á samþættingu vinnu og umönnunar, að teknu tilliti til annarra breyta í jöfnunni. Í fyrri greiningunni, án víxlverkunar kyns og staðsetningar vinnunnar, má sjá að ef svarandinn vinnur heima hefur það marktæk neikvæð áhrif á breytingar á samþættingu vinnu og umönnunar (hópar a. og c.) að teknu tilliti til annarra breyta í jöfnunni. Kyn og menntun hafa ekki marktæk áhrif.

Í greiningu 2 er víxlverkun kyns (mæðra) og heimavinnu bætt við og þá má sjá að mikið dregur úr áhrifum staðsetningar vinnunnar og verða þau ómarktæk. Áhrif kyns snúast við í greiningu 2 og sýnir stuðullinn nú jákvæð áhrif kyns (mæðra) á samþættinguna, en þó ekki marktæk. Heildarniðurstaða seinni greiningarinnar, þar sem víxlverkun heimavinnu og kyns er bætt við, er að mæður sem unnu fjarvinnu heima sé hópur sem sérstaklega hefur fundið fyrir erfiðleikum við samþættingu vinnu og umönnunarábyrgðar vegna farsóttarinnar, þegar tekið er tillit til annarra breyta í jöfnunni samtímis.

Marglínuleiki (multicollinearity) var skoðaður með því að skoða „variance inflation factor“ (VIF) fyrir allar breytur. Hæsti VIF-stuðullinn var 3,6, sem er undir viðmiðunarmörkum til að greina marglínuleika (Robinson og Schumacker, 2009).

## Umræða

Í þessari grein voru áhrif fyrstu bylgju COVID-19 á verkaskiptingu umönnunar og heimilisstarfa greind meðal starfandi foreldra með maka og barn undir 18 ára á heimili. Þá var skoðað hvaða áhrif farsóttin hafði á samþættingu launavinnu og umönnunarábyrgðar og hvort áhrif hennar hafi verið ólík á mæður og feður.

Lykilþáttur í þessari greiningu er staðsetning vinnunnar, þ.e. hvort foreldrar unnu starf sitt heima eða á vinnustaðnum enda benda erlendar rannsóknir til að hún skipti verulegu máli (Dunatchik o.fl., 2021; Lyttelton o.fl., 2020). Starfandi foreldrum með maka og barn yngra en 18 ára á heimili var skipt í fjóra hópa byggt á hvar svarandi og maki sinntu vinnu sinni: a. báðir foreldrar vinna heima (n=160), b. maki vinnur heima, en svarandinn vinnur á vinnustaðnum (n=73), c. svarandinn vinnur heima, en maki vinnur á vinnustaðnum (n=95), og d. báðir foreldrar vinna á vinnustaðnum (n=101). Alls eru þetta 430 svör af þeim 653 sem voru í könnuninni.

Menntun svaranda hefur sterkt tengsl við breytingar á staðsetningu vinnunnar (fjarvinna/staðvinna). Fjórir af hverjum fimm svarendum voru með háskólamenntun í hópi a. þar sem svarandi vann heima og sagði að maki gerði það einnig. Hvorki kyn svaranda né aldur barna tengdist stað-



setningu vinnunnar. Skipting umönnunar og heimilisstarfa milli foreldra er mjög kynjuð, bæði fyrir farsóttina og eftir að hún skall á. Svör feðra eru samhljóma svörum mæðra að því leyti að feður og mæður eru sammála um að almennt sjái mæður um stærri hluta þessara starfa en feður. Það gildir um verkaskiptingu foreldra bæði fyrir farsóttina og eftir að hún skall á. Þó má almennt sjá að feður telja verkaskiptinguna jafnari en mæður. Feður segjast auka hlutdeild sína í umönnun eftir að farsóttin skall á, en ekki verða samsvarandi breytingar á svörum mæðra. Feður og mæður eru því ósammála um hvort feður hafi aukið hlutdeild sína í umönnun barna í farsóttinni. Niðurstöður Lyttelton o.fl. (2020) eru samhljóma þessu að hluta, en þær benda til að feður í fjarvinnu hafi aukið umönnun í meira mæli en mæður og í meira mæli en feður sem unnu staðvinnu, að teknu tilliti til annarra þátta. Þessar niðurstöður eru einnig samhljóma niðurstöðum Yerkes o.fl. (2020) þar sem feður sögðust hafa aukið hlutdeild sína í umönnun, en samsvarandi breyting varð ekki í svörum mæðra.

Meiri breytingar verða á verkaskiptingu heimilisstarfa en umönnunar við farsóttina: Feður segjast hafa aukið hlutdeild sína í heimilisstörfum og mæður segjast hafa dregið úr henni. Hér eru því mæður og feður sammála um að breyting á verkaskiptingu hafi átt sér stað. Frekari greining á breytingu á verkaskiptingu heimilisstarfa sýnir að breytingin er að hluta bundin við staðsetningu vinnunnar. Almennt eykur það foreldri sem vinnur heima hlutdeild sína í heimilisstörfum ef makinn vinnur á vinnustaðnum. Þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar sérstaklega fyrir feður og mæður kemur í ljós að aukin þátttaka feðra í heimilisstörfum er að mestu leyti bundin við aðstæður þar sem feður vinna heima en makinn á vinnustaðnum. Þetta mynstur er staðfest í svörum mæðra: Þegar mæður vinna á vinnustaðnum en makinn heima, draga mæður úr hlutdeild sinni í heimilisstörfum. Eftir sem áður liggur þó meginábyrgð heimilisstarfa hjá mæðrum. Niðurstöður Lyttelton o.fl. (2020) sem gerð var í Bandaríkjunum eru á skjön við þessar niðurstöður, en þær benda til að ábyrgð á heimilisstörfum sé mjög kynbundin og sé það jafnvel í enn meira mæli vinni feður fjarvinnu, að teknu tilliti til annarra þátta. Niðurstöður Yerkes o.fl. (2020) frá Hollandi styðja okkar niðurstöður en þær sýna að feður juku hlutdeild sína í heimilisstörfum við farsóttina, en þar urðu þó ekki samsvarandi breytingar á svörum mæðra.

Samþætting launavinnu og umönnunar versnaði almennt við farsóttina bæði hjá mæðrum og feðrum. Mesta breytingin var hjá hópi a „Báðir foreldrar vinna heima“, þar sem samþættingin versnaði mest, en minnsta breytingin varð í hópi d „Báðir foreldrar vinna á vinnustaðnum“. Þá versnaði samþættingin meira hjá foreldrum þar sem ung börn voru á heimili en þar sem einungis voru eldri börn á heimili. Samþættingin versnaði einnig meira hjá háskólamenntuðum en fólki með aðra menntun. Aðhvarfsgreining leiddi í ljós að aldur barna og staðsetning vinnunnar hafði marktæk áhrif á breytingar á samþættingu vinnu og umönnunar. Þar sem ung börn voru á heimilinu og foreldri eða foreldrar unnu vinnu sína að heiman áttu foreldrar erfiðara með samþættinguna. Kyn hafði ekki áhrif á breytingu á samþættingunni. Þá var bætt við víxlverkun kyns og staðsetningar vinnunnar og leiddi sú greining í ljós áberandi neikvæðari breytingar á samþættingu launavinnu og umönnunarábyrgðar meðal mæðra sem unnu fjarvinnu heima. Þetta er samhljóma niðurstöðum Lyttelton o.fl. (2020) í Bandaríkjunum. Í niðurstöðum Yerkes o.fl. (2020) komu ekki fram marktæk áhrif kyns á samþættingu launavinnu og umönnunar, frekar en í þessari rannsókn en hins vegar komu fram áhrif menntunar og aldurs barna, líkt og hér. Ekki var í þeirri rannsókn skoðuð áhrif víxlverkunar fjarvinnu og kyns á samþættingu launavinnu og umönnunar.

Meginniðurstöður eru þá þær að aðstæður sem COVID-19 skópu höfðu sérstaklega neikvæð áhrif á samþættingu launavinnu og umönnunarábyrgðar hjá mæðrum sem unnu heima, en þær drógu að hluta til úr þeim kynbundna mun sem alla jafna einkennir verkaskiptingu heimilisstarfa meðal starfandi foreldra.

Fyrri rannsóknir á áhrifum COVID-19 á kynbundna verkaskiptingu kynjanna hvað varðar umönnun og heimilisstörf hafa sýnt nokkuð mótsagnakennda mynd. Ýmist sýna niðurstöður að heimilisstörf og umönnun barna hafi lagst af meiri þunga á mæður og hefðbundin kynjahlutverk styrkst eða að feður hafi aukið þátttöku sína á báðum sviðum eða öðru. Að hluta til kann það að vera vegna ólíkrar stöðu kynjanna í ólíkum löndum, hvernig umönnunarverkefni samfélagsins eru leyst og hve

mikil áhrif farsóttin hafði á stofnanir samfélagsins, t.d. lokanir vinnustaða, skóla og leikskóla.

Niðurstöður þessarar könnunar sýna að verkaskipting umönnunar barna og heimilisstarfa er kynbundin, bæði fyrir farsótt og á meðan hún geisadi. Hvað varðar umönnun má sjá breytingar í svörum feðra í þá átt að þeir taki meiri ábyrgð á umönnun eftir að farsóttin skall á en fyrir hana. Svör mæðra staðfesta ekki slíkar breytingar – heldur má sjá að mæður bæði auka hlutdeild sína og draga úr henni. Því er ekki hægt að staðfesta að breyting verði á kynbundnu mynstri umönnunar við farsóttina þrátt fyrir aukið álag vegna minni þjónustu skóla og leikskóla.

Hvað varðar heimilisstörf er myndin önnur. Þar eru feður og mæður sammála um að verkaskipting vegna heimilisstarfa hafi breyst við farsóttina og að feður hafi aukið hlutdeild sína í heimilisstörfum og mæður dregið úr henni. Greiningin sýnir einnig að mikilvægt er að skoða staðsetningu vinnunnar – hvar vinnan er innt af hendi – til að skilja þessar breytingar til fulls. Þessar breytingar eru skýrastar þar sem feður vinna fjarvinnu heima en makinn vinnur á vinnustaðnum. Þar auka feður hlutdeild sína í heimilisstörfum mest en mæður draga mest úr. Þetta virðist vera í samræmi við almenna þróun á Vesturlöndum og e.t.v. sérstaklega á Norðurlöndunum, þ.e. að heimilisstörfum er sinnt af þeim sem til þess hefur bestan tíma og aðstæður (sbr. Eurofound 2020).

Áhugavert er að áhrif farsóttarinnar á kynbundna verkaskiptingu komi aðeins fram hvað varðar heimilisstörf en ekki umönnun. Hérlendis hefur löggjöf um fæðingarorlof verið hvati til þátttöku beggja foreldra í umönnun barna. Þess ber þó að geta að umönnun getur dreifst á fleiri aðila en foreldra, en ekki var spurt um umönnun annarra aðila, svo sem eldri barna, afa eða ömmu.

Í niðurstöðum má sjá talsverðan breytileika hvað varðar breytingar á ábyrgð mæðra á umönnun vegna farsóttarinnar. Þetta er í samræmi við niðurstöður Hagstofu (2021), þar sem ein niðurstaðan er að farsóttin hafði áhrif bæði til meiri jöfnuðar og ójöfnuðar í verkaskiptingu foreldra. Ef til vill má þá sjá hér þróun í átt til skautunar fjölskyldna þar sem sumar fjölskyldur draga úr kynbundinni verkaskiptingu en aðrar fjölskyldur auka hana. Hugsanlega getur hér verið um að ræða samspil ólíkra þátta sem ekki eru mældir í þessari könnun.

Áhrif farsóttarinnar á samþættingu launavinnu og umönnunarábyrgðar voru neikvæð á báða foreldra. En niðurstaðan sýnir einnig flókið samspil staðsetningar vinnunnar og kynbundinnar verkaskiptingar. Þar kemur skýrt fram að aukið álag lagðist þyngra á mæður sem unnu fjarvinnu heima.

Niðurstaða þessarar rannsóknar sýnir ekki einhlíta mynd, heldur breytileika í viðbrögðum foreldra hvað varðar umönnun, heimilisstörf og álag vegna breyttra aðstæðna, heimavinnu og minni þjónustu skóla og leikskóla. Hvað varðar umönnun veldur farsóttin ekki áberandi breytingum á kynbundinni verkaskiptingu foreldra en hvað varðar heimilisstörf eru bæði mæður og feður sammála um að feður hafi aukið hlutdeild sína og mæður dregið úr henni við farsóttina, sérstaklega þar sem feður unnu heima og makinn á vinnustaðnum. Hið aukna álag sem farsóttin skapaði foreldrum lagðist þó af meiri þunga á mæður og sérstaklega á mæður sem unnu fjarvinnu heima. Þetta er í takt við niðurstöður sem sýna að kynbundin verkaskipting hefur tilhneigingu til að ýkjast frekar þegar mæður vinna fjarvinnu heima.

## Aftanmálgreinar

i Athuga skal að könnunin er framkvæmd eftir fyrstu bylgju farsóttarinnar og að svarendur eru því að rifja upp stöðuna fyrir farsóttina. Hér er því ekki um langtímasnið að ræða.

## Heimildaskrá

- Abendroth, A. K., Huffman, M. L., og Treas, J. (2014). The parity penalty in life course perspective: Motherhood and occupational status in 13 European countries. *American Sociological Review*, 79(5), 993–1014. <https://doi.org/10.1177/0003122414545986>
- Adams-Prassl, A., Boneva, T., Golin, M., og Rauh, C. (2020). *Inequality in the impact of the coronavirus shock: Evidence from Real Time Surveys*. IZA DP No. 13183. <https://docs.iza.org/dp13183.pdf>
- Adema, W., Clarke, C., Fray, V., Greulich, A., Kim, H., Rattenhuber, P., og Thévenon, O. (2017). Work/life balance policy

- in Germany: Promoting equal partnership in families. *International Social Security Review*, 70(2), 31–55. <https://doi.org/10.1111/issr.12134>
- Andrew, A., Cattan, S., Costa Dias, M., Farquharson, C., Kraftman, L., Krutikova, S., Phimister, A., og Sevilla, A. (2020). How are mothers and fathers balancing work and family under lockdown? *The Institute for Fiscal Studies*. <https://ifs.org.uk/publications/14860>
- Andrea Hjálmsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir. (2021). “I have turned into a foreman here at home”: Families and work–life balance in times of COVID-19 in a gender equality paradise. *Gender, Work and Organization*, 28,(S1) 268–283. <https://doi.org/10.1111/gwao.12552>
- Annadís Greta Rúðólfsdóttir og Auður Magnús Auðardóttir. (2020). Skipulagið er komið út í bilskúr: Fjölskyldulíf, heimanám og COVID-19. *Netla*, desember. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.17>
- Auður Magnús Auðardóttir og Annadís Greta Rúðólfsdóttir. (2020). Chaos ruined the children’s sleep, diet and behaviour: Gendered discourses on family life in pandemic times. *Gender, Work & Organization*, 28(S1), 1–5. <https://doi.org/10.1111/gwao.12519>
- Ársæll Már Arnarsson og Hermína Gunnþórsdóttir. (2016). Íslenskir feður – bestir í heimi? Í Helga Ólafsdóttir og Thamar M. Hejstra (ritstjórar), *Þjóðarspeggill – Rannsóknir í félags- og mannvísindum XVII* (bls. 1–8). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. <http://hdl.handle.net/1946/26371>
- Ásdís Aðalbjörg Arnalds. (2020). *Policies and Parenthood. The Impact of the Icelandic Paid Parental Leave Law on Work and Childcare* [Doktorsritgerð]. Háskóli Íslands.
- Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Duvander, A. Z., Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason. (2019). Constructing parenthood in times of crisis. *Journal of Family Studies*, 27(3), 420–435. <https://doi.org/10.1080/13229400.2019.1634622>
- Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason. (2021). Fæðingar- og foreldraorlof: Aðdragandi, breytingar og árangur laga sem er ætlað að stuðla að orlofstöku beggja foreldra. *Stjórnmal & stjórnsýsla*, 17(2), 235–260. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2021.17.2.5>
- Ásta Jóhannsdóttir og Ingólfur V. Gíslason, (2018). Young Icelandic Men’s Perception of Masculinities. *The Journal of Men’s Studies*, 26(1), 3–19. <https://doi.org/10.1177/1060826517711161>
- Barker, G., Burrell, S., og Ruxton, S. (2021). COVID-19 and Masculinities in Global Perspective: Reflections from Promundo’s Research and Activism. *Men and Masculinities*, 24, 168–175. <https://doi.org/10.1177/1097184X211000385>
- Beham, B., Drobníč, S., Präg, P., Baierl, A., og Eckner, J. (2019). Part-time work and gender inequality in Europe: a comparative analysis of satisfaction with work–life balance. *European Societies*, 21(3), 378–402. <https://doi.org/10.1080/14616696.2018.1473627>
- Blum, S., og Dobrotić, I. (2021). Childcare-policy responses in the COVID-19 pandemic: unpacking cross-country variation. *European Societies*, 23, 545–563. <https://doi.org/10.1080/14616696.2020.1831572>
- Carlson, D. L., Petts, R. J., og Pepin, J. R. (2020a). Men and women agree: During the COVID-19 pandemic men are doing more at home. They differ over how much, but in most households the division of housework and childcare has become more equal. Council on Contemporary Families Briefing Paper, 20 May. <https://contemporaryfamilies.org/covid-couples-divisionof-labor/>
- Carlson D. L., Petts R. J., og Pepin J. R. (2020b). *US Couples’ Divisions of Housework and Childcare during COVID-19 Pandemic*. <https://osf.io/preprints/socarxiv/jy8fn/>
- Charbonneau, A., Lachance-Grzela, M., og Bouchard, G. (2019). Housework allocation, negotiation strategies, and relationship satisfaction in cohabiting emerging adult heterosexual couples. *Sex Roles*, 81(5), 290–305. <https://doi.org/10.1007/s11199-018-0998-1>
- Correll, S. J., Kelly, E. L., O’Connor Trimble, L., og Williams, J. C. (2014). Redesigning, Redefining Work. *Work and Occupations*, 41(1), 3–17. <https://doi.org/10.1177/0730888413515250>
- Del Boca, D., Oggero, N., Profeta, P., og Rossi, M. (2020). Women’s and men’s work, housework and childcare, before and during COVID-19. *Review of Economics of the Household*, 18(4), 1001–1017. <https://doi.org/10.1007/s11150-020-09502-1>
- Dunatchik, A., Gerson, K., Glass, J., Jacobs, J. A., og Stritzel, H. (2021). Gender, parenting, and the rise of remote work during the pandemic. Implications for domestic inequality in the United States. *Gender & Society*, 35(2), 194–205. <https://doi.org/10.1177/08912432211001301>
- Edda Sigurbjörg Ingólfssdóttir og Ingólfur V. Gíslason. (2016). Gendered solutions to the care gap issue in Iceland. *NORA: Nordic Journal of Feminist and Gender Research*, 24, 220–233. <https://doi.org/10.1080/08038740.2016.1241826>
- Esping-Andersen, G. (2009). *The incomplete revolution, Adapting to women’s new roles*. Polity Press.
- Eurofound (2020). Living, working and COVID-19. <https://www.eurofound.europa.eu/publications/report/2020/living-working-and-COVID-19>
- Farré, L., og González, L. (2019). Does paternity leave reduce fertility? *Journal of Public Economics*, 172, 52–66. <https://doi.org/10.1016/j.jpubeco.2018.12.002>
- Farstad, G. R. (2012). Når omsorgsgapet skal dekkas: Islandske foreldres kjønne omsorgsstrategier. *Tidsskrift for Nordisk barnehageforskning*, 5(5), 1–11 <https://doi.org/10.7577/nbf.317>
- Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason (2021). Iceland. [https://www.leavenetwork.org/fileadmin/user\\_upload/k\\_leavenetwork/country\\_notes/2021/Iceland.final.edited\\_pm.21july2021.pdf](https://www.leavenetwork.org/fileadmin/user_upload/k_leavenetwork/country_notes/2021/Iceland.final.edited_pm.21july2021.pdf)
- Gyða M. Pétursdóttir. (2009). *Within the socially desirable aura of gender equality. Icelandic work cultures, gender relations and family responsibility. A holistic approach* [Doktorsritgerð]. Háskóli Íslands.

- Hagstofa Íslands (2021). Heimilisstörf í kórónuveirufaraldrinum, sótt 27.11.2021 á <https://hagstofa.is/utgafur/tilraunatolf-raedi/heimilisstorf-tt/>
- Hagstofa.is (e.d.; a.; b.; c.; og d.). Tölur: a. VIN00910; b. VIN00911; c. VIN01502; d. VIN02010.
- Herzberg-Druker, E., Kristal, T., og Yaish, M. (2020). Work and families in times of crisis: the case of Israel in the coronavirus outbreak. *Research in Social Stratification and Mobility*. <https://doi.org/10.31235/osf.io/fox64>
- Hobson, B., og Morgan, D. (2002). Introduction. Í B. Hobson og D. Morgan (ritstjórar), *Making Men into Fathers. Men, Masculinities and the Social Politics of Fatherhood* (bls. 1–21). Cambridge University Press.
- Ingólfur V. Gíslason og Sunna Símonardóttir. (2018). Mothering and gender equality in Iceland: irreconcilable opposites? *Social Policy and Society*, 17(3), 457–466. <https://doi.org/10.1017/S1474746417000525>
- Klumb, P., Hoppmann, C., og Staats, M. (2006). Division of labor in German dual-earner families: Testing equity theoretical hypotheses. *Journal of Marriage and Family*, 68(4), 870–882. <https://doi.org/10.1111/j.1741-3737.2006.00301.x>
- Kolbeinn Stefánsson, Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason. (2020). Men in Care: Workplace Support for Caring Masculinities. Country report. Iceland. [https://www.men-in-care.eu/fileadmin/WWP\\_Network/redakteure/Projects/MiC/Benchmarking\\_reports/MiC\\_report\\_IS.pdf](https://www.men-in-care.eu/fileadmin/WWP_Network/redakteure/Projects/MiC/Benchmarking_reports/MiC_report_IS.pdf)
- Kosłowski, A., Blum, S., Dobrotić, I., Kaufman, G., og Moss, P. (2020). *International Review of Leave Policies and Research 2020*. <https://www.leavenetwork.org>
- Lytelton, T., Zang, E., og Musick, K. (2020). Gender differences in telecommuting and implications for inequality at home and work. <http://dx.doi.org/10.2139/ssrn.3645561>. Mangiavacchi, L., Piccoli, L., og Pieroni, L. (2021). Fathers matter: Intra-household responsibilities and children's wellbeing during the COVID-19 lockdown in Italy. *Economics & Human Biology*. <https://doi.org/10.1016/j.ehb.2021.101016>
- Patnaik, A. (2019). Reserving time for Daddy: the consequences of fathers' quotas, *Journal of Labor Economics*, 37, 1009–59. <https://doi.org/10.1086/703115>.
- Robinson, C., og Schumacker, R. E. (2009). Interaction Effects: Centering, Variance Inflation Factor, and Interpretation Issues. *Multiple Linear Regression Viewpoints*, 35(1), 6–11.
- Salin, M., Ylikännö, M., og Hakovirta, M. (2018). How to divide paid work and unpaid care between parents? Comparison of attitudes in 22 Western countries. *Social Sciences*, 7(10), 188. <https://doi.org/10.3390/socsci7100188>
- Shafer, K., Scheibling, C., og Milkie, M. A. (2020). The Division of Domestic Labor before and during the COVID-19 Pandemic in Canada: Stagnation versus Shifts in Fathers' Contributions. *Canadian Review of Sociology/Revue Canadienne de Sociologie*, 57(4), 523–549. <https://doi.org/10.1111/cars.12315>
- Sunna Símonardóttir. (2016). Constructing the attached mother in the “world's most feminist country”. *Women's Studies International Forum*, 56, 103–112. <https://doi.org/10.1016/j.wsif.2016.02.015>
- Tamm, M. (2019). Fathers' parental leave-taking, childcare involvement and labor market participation, *Labour Economics*, 59, 184–97. <https://doi.org/10.1016/j.labeco.2019.04.007>
- Treas, J., og Tai, T. (2016). Gender inequality in housework across 20 European nations: Lessons from gender stratification theories. *Sex Roles*, 74(11–12), 495–511. <https://doi.org/10.1007/s11199-015-0575-9>
- Yerkes, M. A., Roeters, A., og Baxter, J. (2020). Gender differences in the quality of leisure: A cross-national comparison. *Community, Work & Family*, 23(4), 367–384. <https://doi.org/10.1080/13668803.2018.1528968>
- Yerkes, M. A., André, S. C. H., Besamusca, J. W., Kruijen, P. M., Remerey, C. L. H. S., van der Zwan, R., Beckers, D. G. J., og Geurts, S. A. E. (2020) 'Intelligent' lockdown, intelligent effects? Results from a survey on gender (in)equality in paid work, the division of childcare and household work, and quality of life among parents in the Netherlands during the COVID-19 lockdown. *PLoS ONE*, 15(11), e0242249. <https://doi.org/10.1371/journal.pone.0242249>
- Zamarro, G., og Prados, M. J. (2021). Gender differences in couples' division of childcare, work and mental health during COVID-19. *Review of Economics of the Household*, 19, 11–40. <https://doi.org/10.1007/s11150-020-09534-7>
- Zamberlan, A., Gioachin, F., og Gritti, D. (2021). Work less, help out more? The persistence of gender inequality in housework and childcare during UK COVID-19. *Research in Social Stratification and Mobility*, 73. <https://doi.org/10.1016/j.rssm.2021.100583>
- Borgerður Þorvaldsdóttir. (2011). The gender-equal North: Icelandic images of femininity and masculinity. Í D. Chartier og S. Ísleifsson (ritstjórar), *Iceland and images of the north* (bls. 405–434). Presses de l'Université du Québec.

## Um höfunda

**GUÐNÝ BJÖRK EYDAL** (ge@hi.is) er prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Hún lauk MA prófi í félagsráðgjöf 1993 og doktorsprófi í félagsfræði frá Háskólanum í Gautaborg árið 2005.

**INGÓLFUR V. GÍSLASON** (ivg@hi.is) er prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands. Hann lauk doktorsprófi frá Háskólanum í Lundi árið 1990.

**TÓMAS BJARNASON** (tomas.bjarnason@gallup.is) er sviðssjóri hjá Gallup. Hann lauk doktorsprófi í félagsfræði frá Háskólanum í Gautaborg árið 2010.